

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1210/2021, um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu og stöðluð eyðublað fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup yfir EES viðmiðunarfjárhæðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1780 frá 23. september 2019 um að taka upp stöðluð eyðublað fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2015/1986, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 31. mars 2021, bls. 97, með breytingum samkvæmt:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2303 frá 24. nóvember 2022 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1780 um að taka upp stöðluð eyðublað fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup sem vísað er til í XVI. viðauka EES-samningsins eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2024, frá 2. febrúar 2024, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 51, frá 27. júní 2024, bls. 67-68.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 122. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 11. júlí 2024.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Þorsteinn Júlíus Árnason.